

A black and white line drawing of a person riding a bicycle, viewed from the side. The person is wearing a helmet, a long-sleeved shirt, and pants. The bicycle has a backpack mounted on the back. The background is a light blue field with a pattern of orange circles and squares.

UNGT FÓLK 2015

5.-7. BEKKUR

Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun,
heilsuhegðun, heilsuvisar, líðan og framtíðarsýn
ungmenna í 5.-7. bekk á Íslandi.



Ungt fólk 2015

5., 6. og 7. bekkur

Hagir og líðan barna á Íslandi, íprótta- og tómstundaiðja,
nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur,
miðlar og tækjæign.

Unnið fyrir



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

2015

Rannsóknir & greining 2015©

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon,
Álfgeir Logi Kristjánsson, Erla María Jónsdóttir Tölgves

Umbrot og prentun:

Prentmet ehf.

Hönnun útlits og kápu:

Baddy Design



ISBN nr.:

978-9935-436-45-0

Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis Rannsókna og greiningar.

EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	4
Aðferð og gögn.....	6
Þátttakendur og framkvæmd.....	6
Skilningur nemenda á spurningum.....	7
Niðurstöður.....	9
Líðan barna í 5., 6. og 7. bekk.....	9
Íþróttá-, félags- og tómstundastarf.....	17
Samband við foreldra og fjölskyldu.....	30
Vinir.....	36
Stríðni.....	39
Nám og skóli.....	47
Lestur og miðlar.....	56
Neysluvenjur.....	64
Kynjahlutverk.....	67
Heimildir.....	75
Viðauki – Töflur.....	79
Listi yfir myndir.....	121
Listi yfir töflur.....	127

INNGANGUR

Börnin í samfélaginu okkar leggja sjálf til forvarnastarfs með því að svara spurningalistum um hvernig þeim líður heima fyrir, í skólanum og félagahópnum, svo og með mati barnanna á sjálfum sér og umhverfi sínu. Fyrir tilstilli þátttöku þeirra hafa íslenskir og erlendir fræðimenn rannsakað hina ýmsu forspárþætti heilsu og áhættuhegðunar og ljóst er af þeim rannsóknum að nærumhverfi barna hefur mikil áhrif á hegðun þeirra og líðan. Sérstaklega skipta aðstæður á heimilum barna miklu máli fyrir líðan þeirra, en börn sem njóta mikils stuðnings frá foreldrum líður betur en þeim sem fá lítinn stuðning. Börn sem alast upp við erfiðar aðstæður heima fyrir eru mun líklegri til þess að tjá vanlíðan¹, sem getur meðal annars komið fram sem reiði og þunglyndi. Þessar tvær sterku tilfinningar geta haft mikil áhrif á líf einstaklingsins. Þannig spáir þunglyndi fyrir um ýmsa frávikshegðun sem snýr að einstaklingnum sjálfum, eins og sjálfsskaða og sjálfsvígshugsunum, á meðan reiði eykur líkur á frávikshegðun sem beinist út á við, eins og afbrotahægðun².

Börn eru mótuð af sínu nærumhverfi og rannsóknir hafa sýnt að í hverfum þar sem að fjölskylduerjur og átök eru algeng eru auknar líkur á vanlíðan unglínganna í hverfinu, ekki eingöngu þeirra sem búa við aðstæðurnar³. Á sama hátt spá ýmsir þættir í félagumhverfi barnanna og skóla sterkt fyrir um líðan þeirra⁴. Sem betur fer hafa rannsóknirnar einnig leitt í ljós ákveðna verndandi þætti sem hægt er að hafa áhrif á í samfélaginu og rannsóknir benda til að hægt sé að auka líkur á góðri líðan með hreyfingu og þátttöku í skipulögðu starfi⁵. Sem dæmi má nefna að íþróttaiðkun hefur sterkari jákvæð áhrif meðal þeirra sem búa við erfiðar aðstæður heima en meðal annarra barna⁶.

Eftirfarandi skýrsla er byggð á gögnum *Ungt fólk* rannsóknarinnar sem safnað var meðal nemenda á miðstigi grunnskóla landsins í febrúar 2015. Líkt og áður er athygli beint að högum og líðan barnanna: stuðningi og eftirliti foreldra, þátttöku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi, viðhorfum þeirra til náms og skóla og líðan í skóla. Þá er fjallað um tengsl nemenda við jafnaldra, notkun þeirra á netmiðlum, lestur bóka og viðhorf þeirra til jafnréttis.

1) Gunnlaugsson, Kristjánsson, Einarsdóttir og Sigfusdóttir, 2011.

2) Sigfusdóttir, Asgeirsdóttir, Gudjonsson and Sigurdsson (í samþykktarferli); Asgeirsdóttir, Sigfusdóttir, Gudjonsson og Sigurdsson, 2011; Sigfusdóttir, Asgeirsdóttir, Sigurdsson og Gudjonsson, 2008; Sigfusdóttir, Farkas og Silver, 2004).

3) Bernburg, Thorlindsson og Sigfusdóttir, 2009.

4) Palsdóttir, Asgeirsdóttir, Sigfusdóttir, 2012; Sigfusdóttir, Gudjonsson og Sigurdsson, 2010.

5) Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2004.

6) Sigfusdóttir, Asgeirsdóttir, Sigurdsson, Sigurdsson og Gudjonsson, 2011.

Í skýrslunni í ár er einnig birtur samanburður á völdum þáttum úr rannsókninni í ár við niðurstöður rannsókna árin 2007, 2009, 2011 og 2013.

Ungt fólk rannsóknirnar hafa verið lagðar fyrir grunn- og framhaldsskólanemendur landsins allt frá árinu 1992. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur stuðlað að rannsóknunum frá upphafi en frá árinu 1999 hefur rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining við Háskólann í Reykjavík séð um framkvæmd þeirra.

AÐFERÐ OG GÖGN

Rannsóknirnar *Ungt fólk* eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Niðurstöður þessara kannana eru því mjög áreiðanlegar, hvort sem litið er til tiltekinna landssvæða eða mismunandi hópa.


ÞÁTTTAKENDUR OG FRAMKVÆMD

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamikilli rannsókn Rannsókna og greiningar sem var lögð fyrir alla nemendur í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla á Íslandi í febrúar 2015. Framkvæmd rannsóknarinnar var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í skólana þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistunum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda.


Árið 2015 fengust í heild gild svör frá 10.917 nemendum í 5., 6. og 7. bekk á landsvísi sem jafngildir 85,5% svarhlutfalli. Í 5. bekk svöruðu 3730 nemendur, 3631 í 6. bekk og 3442 í 7. bekk. 114 nemandur gáfu ekki upp bekk sinn eða svaraði óljóst. Af þeim nemendum sem svöruðu voru stelpur 5454 (50,3%) og strákar 5392 (49,7%), 71 nemandi gaf ekki upp kyn sitt eða svaraði óljóst.

SKILNINGUR NEMENDA Á SPURNINGUM


Í lok spurningalistans voru nemendur beðnir um að svara spurningu um skilning sinn á spurningum í könnuninni. Á myndum eitt til þrjú má sjá niðurstöður þeirrar spurningar, greinda eftir bekkjardeild. Flestir nemendur virðast skilja flestar eða allar spurningarnar í spurningalistanum, eða vel yfir 90% í öllum bekkjardeildum.



Mynd 1. Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 5. bekk.



Mynd 2. Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 6. bekk.




Mynd 3. Skildir þú allar spurningarnar í spurningalistanum? Hlutfall stráka og stelpna í 7. bekk.

NIÐURSTÖÐUR

LÍÐAN BARNNA Í 5., 6. OG 7. BEKK

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum spurninga sem snúa að almennri líðan nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum landsins. Spurningarnar snúa helst að því hvernig nemendur upplifa sig í bekknum sem og spurningar sem tengjast mati á eigin sjálfsmynd og andlegri líðan. Ef byrjað er á því að skoða niðurstöður spurningarinnar – *Finnst krökkunum í bekknum þú vera skemmtileg/ur?* má sjá að meirihluti nemenda í öllum bekkjardeildunum þremur svarar því til að mjög eða frekar mörgum krökkum í bekknum finnist þau skemmtileg (mynd 4).




Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem telja að *mjög eða frekar mörgum krökkum í bekknum finnist þau vera skemmtileg.*

Athyglisvert er að sjá að hlutfallið hækkar lítið eitt milli árganga. Eldri nemendur eru hlutfallslega líklegri en þeir yngri til að telja sig vera skemmtilega í augum bekkjarfélaga sinna. Á móti kemur að lítil sem enginn munur er á milli stráka og stelpna í þessu efni. Stelpur í 5. bekk eru hlutfallslega líklegri í samanburði við stráka í þeirri bekkjardeild til að telja sig skemmtilega í augum bekkjarfélaga á meðan strákar eru örlítið líklegri til að telja svo vera í 6. og 7. bekk.

Nemendur eru í könnuninni beðnir um álit sitt á eigin vaxtarlagi. Á mynd 5 má sjá að yfirgnæfandi meirihluti nemenda telur sig vera *passlegan* og á það við um nemendur í öllum árgöngum.

Hér má einnig greina mun á milli nemenda eftir bekkjum og sýna niðurstöður að hlutfall þeirra nemenda sem telja sig vera *of feita* hækkar eftir aldri. Þá virðist það frekar eiga við um stelpur að telja sig *of feit* og þá sérstaklega þegar þær eldast. Þannig segja um 77% stráka og 79% stelpna í 5. bekk að þau séu *passleg*, en 73-77% stráka og stelpna í 6. bekk. Hlutfall þeirra nemenda sem telja sig vera *passlega* er jafnframt lægst í 7. bekk þó ekki muni miklu – eða sem svarar til 74% stráka og 69% stelpna. Ef litið er til hlutfalls þeirra nemenda sem telja sig vera *of mjóa* liggur það á bilinu 10-15% meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk. Hlutfall nemenda sem telja sig vera *of feita* hækkar aftur á móti eins og áður segir milli árganga. Þannig segja um 8% stráka og 11% stelpna í 5. bekk að þau séu *of feit*, á meðan slíkt á við um 11% stráka og 15% stelpna í 6. bekk. Þegar komið er upp í 7. bekk eru svör nemenda þannig að 14% stráka og 20% stelpna segja að þau séu *of feit*. Hér er jafnframt athyglisvert að skoða að fleiri stelpur en strákar telja sig *of feit* en fleiri strákar en stelpur *of mjóa*.




Mynd 5. Finnst þér þú vera *of mjó/mjór*, *of feit/feitur* eða *passleg/passlegur*? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.

Í töflu 1 má sjá svör nemenda við sjö spurningum er varða liðan þeirra. Spurt er hversu oft þau hafa fundið fyrir ákveðnum þáttum síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Ef litið er til niðurstaðna má sjá (tafla 1) að hlutfallið er hæst við spurningunni: „Hefur þú átt erfitt með að sofna eða sofa?“. Á mynd 6 hafa þessar niðurstöður verið dregnar út úr töflu og má sjá að um 23% nemenda í 5. bekk, 20-22% nemenda í 6. bekk og 20% nemenda í 7. bekk, segja að slíkt hafi *stundum* eða *oft* hent þau síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Þessar niðurstöður eru í takt við það sem *Ungt fólk* rannsóknirnar hafa áður sýnt meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk og verða að teljast athyglisverðar þar sem þær eiga við um börn sem eru ung að árum. Þá sýna niðurstöður einnig (tafla 1) töluvert háar tölur (bæði fjölda og

hlutfallstölur) þegar kemur að líttill matarlyst, höfuðverk og magaverk, sl. sjö daga fyrir könnun. Ekki verður reifað hér frekar, hvað það er sem getur stuðlað að slíkri vanlíðan, en það er þó nokkuð sem mikilvægt er að skoða frekar.


Tafla 1. Fjöldi stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundið *stundum eða oft* fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun?

Einkenni: Stundum eða oft	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)
Leið(ur) eða líttill áhugi	10.2 (182)	7.5 (136)	10.2 (179)	10.6 (189)	9.4 (157)	12.1 (207)
Líttill matarlyst	12.2 (217)	10.9 (197)	12.2 (212)	12.4 (220)	11.1 (186)	16.6 (284)
Einmana	9.9 (174)	10.5 (189)	8.0 (138)	13.9 (248)	8.3 (139)	14.2 (244)
Grét auðveldlega	7.3 (130)	14.3 (259)	5.4 (93)	15.9 (284)	5.4 (90)	18.7 (321)
Erfitt með að sofa eða sofna	23.9 (423)	22 (399)	19.7 (343)	21.7 (388)	20.4 (342)	22.3 (383)
Höfuðverkur	17.4 (307)	22.5 (404)	15.8 (273)	22.8 (408)	14.0 (235)	22.5 (386)
Magaverkur	15.1 (267)	19.2 (348)	14.0 (242)	20.4 (363)	11.5 (192)	21.2 (364)




Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa átt erfitt með að sofa eða sofna síðastliðna sjö daga fyrir könnun.

Þegar litið er til niðurstaðna rannsóknar sem lögð var fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla landsins árið 2013 og þær niðurstöður bornar saman við könnunina nú árið 2015, má sjá að hlutfall stráka (mynd 7) sem segjast hafa *stundum* eða *oft* átt erfitt með svefn sl. sjö daga fyrir könnun hækkar á milli mælinga. Hlutfallið er 24% meðal stráka í 5. bekk á meðan 20% stráka í 6. og 7. bekk svara því til. Hlutfallið hjá stelpunum helst svipað milli mælinga (mynd 8) þar sem 22% stelpna í öllum bekkjardeildum segjast hafa *stundum* eða *oft* átt erfitt með að sofna eða sofa sl. sjö daga fyrir könnun.




Mynd 7. Hlutfall stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast *stundum* eða *oft* hafa átt erfitt með að sofna eða sofa síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2007–2015.




Mynd 8. Hlutfall stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast *stundum* eða *oft* hafa átt erfitt með að sofna eða sofa síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2007–2015.

Eins og sjá má í töflu 1 hér að framan er það nokkuð hátt hlutfall nemenda segist hafa verið einmana *stundum* eða *oft* síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Á mynd 9 hafa niðurstöður þeirrar spurningar verið dregnar saman í eina mynd. Þar má sjá að meirihluti nemenda (á bilinu 60–74%) í öllum árgöngum upplifir *aldrei* einmanaleika. Engu að síður er ákveðinn hópur sem upplifðir það að vera einmana *oft* eða *stundum* vikuna fyrir könnun. Þannig höfðu um 10% stráka og 11% stelpna í 5. bekk, en um 8% stráka og 14% stelpna í 6. bekk verið *stundum* eða *oft* einmana á þessu tímabili og ef litið er til niðurstaðna fyrir sjöundubekkinga átti slíkt við um 8% stráka og 14% stelpna. Ákveðinn kynjamun má greina í þessu sambandi, sér í lagi ef litið er til nemenda í 6. og 7. bekk, þannig virðast stelpur frekar en strákar hafa upplifað slíkan einmanaleika vikuna fyrir könnun.




Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau vera einmana síðastliðna sjö daga fyrir könnun.

Þegar litið er til samanburðar á niðurstöðum milli kannana árána 2007–2015 er varða hlutfall nemenda sem upplifa sig *stundum* eða *oft* einmana sl. sjö daga fyrir könnun, má sjá að hlutfall stráka (mynd 10) sem hafa upplifað sig einmana viku fyrir könnun er litlu hærra nú en árið 2013, að undanskildum strákum í 6. bekk þar sem hlutfallið helst óbreytt milli kannana (sjá mynd 10). Þegar niðurstöður fyrir stelpur eru skoðaðar (mynd 11) má sjá að hlutfallið hækkar lítið eitt, eða sem nemur einu prósentustigi meðal stelpna í 6. og 7. bekk, á meðan það lækkar meðal stelpna í 5. bekk. Þannig sögðu 13% stelpna í þeirri bekkjardeild að þær hefðu *stundum* eða *oft* verið einmana sl. sjö daga fyrir könnun árið 2013, en árið 2015 er hlutfallið 11% meðal stelpna í 5. bekk (mynd 11).




Mynd 10. Hlutfall stráka í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þær vera *stundum eða oft* einmana síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2007 til 2015.




Mynd 11. Hlutfall stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem hafa fundist þau vera *stundum eða oft* einmana síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Samanburður milli ára 2007 til 2015.

Í þessu sambandi er athyglisvert að skoða sérstaklega hlutfall þeirra nemenda sem upplifðu sig einmana sjö daga fyrir könnun eftir því hve marga vini eða vinkonur þeir eiga. Á mynd 12 má sjá að þeir nemendur sem sögðust oft eða stundum hafa fundið fyrir einmanaleika eru hlutfallslega líklegri til að segjast eiga enga eða fáa vini / vinkonur. Þessar niðurstöður koma fram í öllum bekkjardeildunum þremur. Þannig segja um 36% fimmtubekkinga sem höfðu *oft* eða *stundum* verið einmana síðustu sjö dagana fyrir könnun að þeir eigi enga eða fáa vini, 15% þeirra segjast eiga nokkra vini eða vinkonur og einungis 5% nemenda í 5. bekk sem höfðu verið einmana á þessu tímabili segjast eiga marga eða mjög marga vini. Hlutfallið er töluvert hærra þegar lítið er til nemenda í 6. og 7. bekk. Þannig segjast 46% sjöttubekkinga og 44% sjöundubekkinga sem upplifa sig *stundum* eða *oft* einmana og eiga enga eða fáa vini.




Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, eftir því hvort þau hafa upplifað það að vera einmana, greint eftir fjölda vina / vinkvenna, árið 2015.

Ef lítið er til þess hvernig þeim nemendum sem fundu *oft* eða *stundum* fyrir einmanaleika, líður heima fyrir má sjá (mynd 13) að þeir nemendur sem upplifa sig einmana (oft / stundum) eru líklegri til að segja að þeim líði *frekar* eða *mjög illa* heima. Þannig svara um 50% nemenda í 5. bekk því til, 53% nemenda í 6. bekk og 52% nemenda í 7. bekk.



Mynd 13. Hvernig líður þér heima? greint eftir því hvort nemendur hafi fundið fyrir einmanaleika síðastliðna sjö daga fyrir könnun. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk árið 2015.

Á mynd 14 má sjá hlutfall þeirra nemenda sem stunda íþróttir með íþróttafélagi, eftir því hvort þeir hafa fundið fyrir einmanaleika *stundum* eða *oft* síðustu sjö daga fyrir könnun. Eins og myndin sýnir lækkar hlutfall þeirra nemenda sem upplifa slíkt eftir fjölda æfinga. Þannig fundu um 19% nemenda sem æfa aldrei íþróttir *stundum* eða *oft* fyrir einmanaleika á meðan hlutfallið er 11% meðal nemenda sem æfa fjórum sinnum í viku eða oftar.



Mynd 14. *Hversu oft æfir þú íþróttir með íþróttafélagi?*, greint eftir því hvort nemendum hafi fundist þeir einmana síðastliðna 7 daga fyrir könnun. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk. árið 2015.

ÍPRÓTTA-, FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF

Ípróttaiðkun, félags- og tómstundastarf eiga það sameiginlegt að einstaklingurinn er hluti af stærri hóp sem deilir svipuðum markmiðum og gildum. Börn og unglingar sem taka þátt í skipulögðu starfi eru líklegri til að neyta hollrar fæðu og þeim líður betur andlega en öðrum ungmennum.⁷ Eins eru þau ólíklegri til að reykja⁸, neyta áfengis og annarra vímuefna.⁹ Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega vellíðan, einnig að ípróttaiðkun hefur jákvæð áhrif á námsárangur.¹⁰ Þátttaka í skipulögðu ípróttastarfi dregur úr líkum á andlegri vanlíðan og fyrir unglinga sem búa við erfiðar heimilisaðstæður dregur ípróttaiðkun meira úr þunglyndi en fyrir aðra. Félaglegt samhengi skiptir máli þegar leitast er eftir að skilja áhrif skipulagðrar ípróttaiðkunar á frávíkshæðun, en rannsóknir frá Íslandi, Skandinavíu og Bandaríkjunum og tölugögn frá Austur-Evrópu sýna að það er ekki hreyfingin sjálf sem skiptir höfuðmáli heldur umgjörðin. Sem dæmi má nefna að skipulögð ípróttaiðkun, dregur úr líkum á áfengisdrykkju meðal íslenskra ungmenna, á meðan óskipulögð ípróttaiðkun, eykur líkur á áfengisdrykkju eftir að stjórnað hefur verið fyrir aðra áhrifaþætti.¹¹

Bent hefur verið á að líkamleg hreyfing hafi á undanförunum árum víða minnkað sökum lífstílsbreytinga, sérstaklega í vestrænum samfélögum.¹² Íslenskar rannsóknir meðal barna í efstu bekkjum grunnskóla sýna að sambærileg þróun hefur átt sér stað undanfarinn áratug þegar metið er hlutfall þeirra unglinga sem hreyfa sig mikið eða mjög mikið andspænis þeim sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt.¹³ Þannig bendir þessi tímagreining til að í þessum aldurhópi hafi hlutfall þeirra sem hreyfa sig mikið eða mjög mikið heldur aukist undanfarin ár, en að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt einnig hækkað.

Nemendur voru spurðir að því hversu oft þeir reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist eða svitni. Á mynd 15 má sjá hlutfall þeirra nemenda í 5., 6. og 7. bekk, sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist eða svitni og eru niðurstöður sýndar annars vegar fyrir þá sem segja slíkt eiga við *einu sinni til þrisvar sinnum í viku* og hins vegar þá sem reyni á sig þannig að þeir mæðist eða svitni *fjórum sinnum í viku eða oftar*.

7) Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

8) Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008.

9) Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.


10) Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006.

11) Viðar Halldórsson og Þórólfur Þórlindsson, 2014.

12) Allegrante, 2004.


13) Sigríður Þóra Eidsdóttir o.fl. 2008.

Þegar litið er til svara fimmtubekkinga má sjá (mynd 15) að um 35% nemenda segja að þeir reyni þannig á sig líkamlega *einu sinni til þrisvar sinnum í viku* og 41% segir slíkt eiga við *fjórum sinnum í viku eða oft*. Hlutfall sjöttubekkinga sem reyna á sig líkamlega *fjórum sinnum í viku eða oft* er ívið hærra, þar sem um 48% þeirra svara því til og ef litið er til nemenda í 7. bekk á það við um rúmlega helming nemenda (59%). Strákar eru hlutfallslega líklegri en stelpur til að reyna á sig líkamlega *fjórum sinnum í viku eða oft* og á það við um allar bekkjardeildirnar.




Mynd 15. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist eða svitni, *einu sinni til þrisvar sinnum í viku og fjórum sinnum í viku eða oft*, árið 2015.

Á mynd 16 má sjá niðurstöður fyrir spurninguna – *hversu oft æfir þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi*. Á bilinu 11-15% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segjast *aldrei* æfa íþróttir með íþróttafélagi. Þá má sjá að 35% stelpna og 40% stráka í 5. bekk segjast stunda íþróttir *fjórum sinnum í viku eða oft*, hlutfallið er 44-45% meðal sjöttubekkinga og yfir helmingur nemenda í 7. bekk stundar æfingar með íþróttafélagi sem því nemur.




Mynd 16. Hversu oft æfir þú ípróttir (æfir eða keppir) með ípróttafélagi. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk árið 2015.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar milli mælinga árin 2011-2015, má sjá (myndir 17-18) að hlutfallslega fleiri nemendur stunda nú ípróttir með ípróttafélagi *fjórum sinnum í viku* en mælst hefur áður. Þetta á við um stráka og stelpur óháð bekkjardeildum að undanskildum strákum í 6. bekk þar sem hlutfallið lækkar um eitt prósentustig milli árána 2013 og 2015. Þessar niðurstöður sýna einnig (myndir 17-18) að strákar eru hlutfallslega líklegri en stelpur til að stunda ípróttir með ípróttafélagi *fjórum sinnum í viku eða oftar*.




Mynd 17. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda ípróttir (æfa eða keppa) með ípróttafélagi *eina sinni til þrisvar sinnum í viku*, árin 2011, 2013 og 2015.




Mynd 18. Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppal) með íþróttafélagi *fjórum sinnum í viku eða oftar*, árin 2011, 2013 og 2015.

Nemendur voru spurðir um þátttöku sína í félags- og tómstundastarfi (mynd 19). Strákar eru hlutfallslega líklegri til að segjast *aldrei* taka þátt í slíku starfi. Þannig segist ríflega helmingur stráka í 5. og 6. bekk *aldrei* þátt í félags- og tómstundastarfi og í 7. bekk á slíkt við 62% stráka. Hlutfall stelpna sem tekur *aldrei* þátt í slíku starfi liggur á bilinu 43–49%, þar sem það er lægst í 5. bekk og hæst í 7. bekk (mynd 19). Þá segjast á bilinu 14–17% stráka í 5., 6. og 7. bekk stunda félags- og tómstundastarf *einu sinni í viku eða oftar* á meðan slíkt á við um 22–24% stelpna.




Mynd 19. Hversu oft tekur þú þátt í félags- og tómstundastarfi? Hlutfall stelpna og stráka í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

Á mynd 20 má sjá hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau stunda; *Félagsmiðstöð, tónlistarnám, leiklist, hestamennsku kvikmyndun/ljósmyndun og gerð stuttmynda*. Niðurstöður sýna hlutfall þeirra sem svara spurningunni: *Nokkrum sinnum í mánuði eða oft*. Fleiri stelpur en strákar segjast stunda; tónlistarnám, leiklist og hestamennsku, en svipað hlutfall stráka og stelpna segjast stunda félagsmiðstöð þetta oft. Þá er skemmtilegt að sjá að jafnmargar stelpur og strákar segjast stunda kvikmyndun/ljósmyndun þetta oft og svipað hlutfall gerð stuttmynda.




Mynd 20. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau stunda: Félagsmiðstöð, tónlistarnám, leiklist, hestamennsku, kvik-/ljósmyndun og gerð stuttmynda. Svarmöguleikar sýndir á mynd eru *Nokkrum sinnum í mánuði eða oft*.

Nemendur voru beðnir um að tilgreina í hve mörgum sumarnámskeiðum þeir tóku þátt sumarið 2014. Ef byrjað er að skoða niðurstöður fyrir nemendur í 5. bekk má sjá (mynd 21) að 28% nemenda í 5. bekk segjast *ekki* hafa tekið þátt í slíkum námskeiðum. Þá hafa 33% nemenda tekið þátt í *einu* slíku námskeiði, 22% í *tveimur*, 10% tóku þátt í *þremur* námskeiðum sumarið 2014 meðan 7% sóttu *fjögur eða fleiri*. Hlutfallslega fleiri strákar (28%) sóttu engin námskeið í samanburði við stelpur (22%).




Mynd 21. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í *síðasta sumar* (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 5. bekk.

Þegar litið er til niðurstaðna fyrir sjöttubekkinga koma fram mjög svipaðar niðurstöður (mynd 22). Þannig tók um 31% þeirra ekki þátt í einu námskeiði á meðan 33% sögðust hafa sótt *eitt* námskeið. Um 21% nemenda í 6. bekk tók þátt í *tveimur* námskeiðum. Um það bil 9% sjöttubekkinga sótti *þrjú* námskeið og 6% sóttu *fjögur* námskeið eða fleiri. Líkt og niðurstöður sýndu fyrir fimmtubekkinga eru strákar (32%) í 6. bekk hlutfallslega líklegri en stelpur (30%) að hafa *ekki* sótt neitt sumarnámskeið sumarið 2014.



Mynd 22. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í *síðasta sumar* (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar- eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 6. bekk.

Niðurstöður fyrir sjöundubekkinga sýna að hlutfall þeirra sem taka *ekki* þátt í sumarnámskeiðum er hæst meðal þeirra, samanborið við nemendur í 5. og 6. bekk (mynd 23). Þannig segja um 35% nemenda í 7. bekk að þeir hafi *ekki* tekið þátt í neinu námskeiði, 37% stráka og 33% stelpna. Rétt ríflega þriðjungur, eða 34%, segist hafa sótt *eitt* námskeið, um 19% nemenda í 7. bekk tóku þátt í *tveimur* námskeiðum á meðan 8% þeirra sóttu *þrjú* námskeið. Loks sóttu um 5% nemenda í 7. bekk *fjögur* námskeið eða fleiri.



Mynd 23. Hversu mörgum sumarnámskeiðum tókst þú þátt í *síðasta sumar* (t.d. leikjanám-skeiði, útivistar-eða íþróttanámskeiði eða öðrum sumarnámskeiðum). Hlutfall stelpna og stráka í 7. bekk.

Þegar þátttaka í öðru tómstundastarfi er skoðuð má sjá (tafla 2) að algengt er að nemendur í 5., 6. og 7. bekk taki þátt í félags- og tómstundastarfi (10–12 ára starfi). Þannig segjast rúm 8% stráka og 9% stelpna í 5. bekk taka þátt í slíku einu *sinni í viku eða oft*. Um 8–10% nemenda í 6. bekk tekur þátt í starfi félagsmiðstöðva *einu sinni í viku eða oft* og tæplega 11% stráka og stelpna í 7. bekk. Þátttaka stelpna í dansi er töluverð og segjast á bilinu 23–28% stelpna taka þátt í dansi *einu sinni í viku eða oft*.

Í töflu 3 má síðan sjá að um 30% stráka í 5. bekk, rúm 33% stráka í 6. bekk og tæp 42% stráka í 7. bekk eru *einu sinni í viku eða oft* með vinum sínum þar sem enginn fullorðin er á staðnum. Hlutfall stelpna er lægra en stráka og á það við stelpur í öllum árgöngum, þó minnstu muni meðal sjöundubekkinga en tæp 40% stelpna segjast vera *einu sinni í viku eða oft* með vinum sínum þar sem enginn fullorðinn er á staðnum. Þá má einnig sjá (tafla 3) að á bilinu 15–23% nemenda í 5., 6. og 7. bekk sækja íþróttaviðburði einu sinni í viku eða oft og 14–20% sundlaugar utan skólatíma.

Tafla 2. Stundar þú eitthvað af eftirtöldu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda slíkt *einu sinni í viku eða oftar*.

Stundar þú...	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)
Félagsmiðstöð (10–12 ára starf)	8,4 (147)	9,6 (170)	10,4 (178)	8,3 (145)	10,7 (175)	10,7 (181)
Dans	5,0 (86)	27,9 (493)	5,3 (91)	26,0 (456)	3,6 (60)	23,1 (393)
Skátastarf	5,0 (87)	6,3 (110)	4,4 (74)	5,5 (95)	4,3 (71)	4,6 (78)
Hestamennsku	2,6 (45)	7,2 (128)	2,9 (49)	7,2 (126)	2,3 (37)	7,6 (130)
Skák	6,2 (107)	2,8 (50)	7,4 (127)	3,5 (61)	5,0 (81)	1,5 (25)
K.F.U.M eða K.F.U.K	1,2 (21)	4,5 (80)	1,5 (25)	3,3 (58)	1,0 (16)	2,4 (40)

Tafla 3. Stundar þú eitthvað af eftirtöldu? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk sem segjast stunda slíkt *einu sinni í viku eða oftar*.

Stundar þú...	5. bekkur		6. bekkur		7. bekkur	
	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)
Ert með vinum þínum þar sem enginn fullorðinn er á staðnum	30,4 (534)	24,1 (431)	33,5 (579)	29,0 (507)	41,7 (688)	39,9 (679)
Ferð í bíó	3,5 (62)	1,4 (25)	1,8 (32)	1,3 (23)	2,4 (40)	0,9 (15)
Ferð á íþróttaviðburði	21,3 (370)	15,7 (274)	22,9 (392)	15,7 (274)	20,9 (342)	15,1 (257)
Ferð í sundlaug utan skólatíma	16,0 (279)	19,6 (349)	15,8 (271)	19,7 (346)	14,4 (238)	16,9 (290)
Ferð á leiksýningar	1,0 (17)	1,2 (22)	0,7 (12)	1,2 (22)	0,8 (13)	0,5 (9)
Ferð á bókasafn	10,2 (179)	13,0 (231)	8,2 (141)	11,0 (193)	6,5 (107)	10,1 (172)
Ferð á klassíska tónleika	0,6 (11)	0,4 (7)	0,7 (12)	0,6 (11)	0,4 (7)	0,1 (2)
Ferð á söfn eða listasýningar	1,1 (20)	1,6 (29)	0,6 (10)	1,0 (17)	0,7 (12)	0,5 (8)


Nemendur voru spurðir að því hvort þeir stunduðu tónlistar- eða söngnám í vetur. Í töflu 4 má sjá að rúm 30% nemenda í 5. bekk, tæp 29% nemenda í 6. bekk og rúm 25% nemenda í 7. bekk stundar slíkt nám sem nemur *einu sinni til þrisvar sinnum í viku*. Af töflunni má einnig lesa að stelpur eru hlutfallslega líklegri en strákar til að stunda nám í tónlist eða söng. Þannig segja á bilinu 71–76% stráka að þeir stundi *aldrei eða sjaldnar en einu sinni í mánuði* nám í tónlist eða söng, á meðan slíkt á við um 51–60% stelpna.

Tafla 4. Stundar þú tónlistarnám eða söngnám í vetur? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk.


Bekkur	Svarmöguleikar	Strákar % (Fjöldi)	Stelpur % (Fjöldi)	Heild % (Fjöldi)
5. bekkur	Aldrei eða sjaldnar en 1 sinni í mánuði	70.8 (1297)	51.7 (950)	61.2 (2247)
	1-3 sinnum í mánuði	3.9 (71)	4.7 (87)	4.3 (158)
	1-3 sinnum í viku	22.8 (417)	37.7 (693)	30.2 (1110)
	4 sinnum í viku eða oftar	2.6 (47)	5.9 (109)	4.2 (156)
6. bekkur	Aldrei eða sjaldnar en 1 sinni í mánuði	71.1 (1267)	55.3 (998)	63.1 (2265)
	1-3 sinnum í mánuði	3.3 (58)	3.7 (67)	3.5 (125)
	1-3 sinnum í viku	22.7 (404)	35.0 (633)	28.9 (1037)
	4 sinnum í viku eða oftar	3.0 (53)	6.0 (108)	4.5 (161)
7. bekkur	Aldrei eða sjaldnar en 1 sinni í mánuði	76.4 (1289)	59.5 (1027)	67.9 (2316)
	1-3 sinnum í mánuði	2.4 (41)	3.4 (59)	2.9 (100)
	1-3 sinnum í viku	18.2 (307)	32.3 (557)	25.3 (864)
	4 sinnum í viku eða oftar	3.0 (50)	4.8 (82)	3.9 (132)

Nemendur voru í könnuninni spurðir að því hvernig þeir ferðuðust í íþróttá- eða tómsundastarf. Á myndum 24–26 má sjá niðurstöður greindar eftir bekkjardeildum og kyni. Niðurstöður sýna að langalgengast er að nemendur ferðist *gangandi* í íþróttá- eða tómsundastarf sitt og á það við um allar bekkjardeildir og bæði stráka og stelpur. Hlutfallið liggur á bilinu 36–39% í því sambandi. Næst algengast er að nemendur ferðist með *bíl (einkabíl/fái far)* þar sem á bilinu 22–26% segja svo vera og er hlutfallið í því sambandi lítið eitt hærra meðal stelpna í samanburði við stráka.


Þá voru nemendur spurðir að því hversu langan tíma það tæki þá að komast í það íþróttá- eða tómsundastarf sem þeir stunda mest. Myndir 27 til 29 sýna niðurstöður þeirrar spurningar, greinda eftir bekk og kyni. Meirihluti nemenda í öllum bekkjardeildunum þremur segjast vera *minna en 10 mínútur* að komast í íþróttá- eða tómsundastarf sitt.




Mynd 24. Hvernig ferðu oftast í íþróttum eða frístundastarf? Hlutfall stelpna og stráka í 5. bekk, árið 2015.




Mynd 25. Hvernig ferðu oftast í íþróttum eða frístundastarf? Hlutfall stelpna og stráka í 6. bekk, árið 2015.




Mynd 26. Hvernig ferðu oftast í íþróttum eða frístundastarf? Hlutfall stelpna og stráka í 7. bekk, árið 2015.



Mynd 27. Hvað tekur þig langan tíma að komast í það íþróttá- og frístundastarf sem þú stundar mest? Hlutfall stelpna og stráka í 5. bekk, árið 2015.




Mynd 28. Hvað tekur þig langan tíma að komast í það íþróttá- og frístundastarf sem þú stundar mest? Hlutfall stelpna og stráka í 6. bekk, árið 2015.




Mynd 29. Hvað tekur þig langan tíma að komast í það íþrótt- og frístundastarf sem þú stundar mest? Hlutfall stelpna og stráka í 7. bekk, árið 2015.

Á mynd 30 má greina hlutfall stráka og stelpna í 5. – 7. bekk eftir því hversu oft þau segjast æfa eða keppa í íþróttum, *einu sinni til þrisvar sinnum í viku*. Myndin sýnir þróun yfir tíma. Á myndinni má sjá að töluverð aukning varð á íþróttaiðkun *einu sinni til þrisvar sinnum í viku* á milli mælinga árin 2011 og 2013 og þá sér í lagi þegar litíð er til stráka. Nú árið 2015 lækkar hlutfallið hinsvegar hjá strákum, fer úr 37% árið 2013 niður í 35% meðan hlutfallið stendur í stað hjá stelpunum.



Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau æfa eða keppa með íþróttafélagi (*einu sinni til þrisvar sinnum í viku*), árin 2007–2015.

Mynd 31 sýnir hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau segjast æfa eða keppa í íþróttum, *fjórum sinnum í viku eða oftar*. Eins og myndin sýnir hefur mikil aukning orðið á íþróttaiðkun þetta oft í viku frá árinu 2007. Þá sögðust um 29% stelpna æfa eða keppa með íþróttafélagi *fjórum sinnum í viku eða oftar*, en nú árið 2015 segja um 43% að þær æfi eða keppi þetta oft. Meðal stráka hefur að sama skapi orðið mikil aukning, en árið 2007 sögðust um 34% stráka æfa eða keppa með íþróttafélagi þetta oft, en í ár um 46%.



Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau æfa eða keppa með íþróttafélagi (fjórum sinnum í viku eða oftar), árin 2007-2015.

SAMBAND VIÐ FORELDRA OG FJÖLSKYLDU

Foreldrar og fjölskyldur eru ein af grunneiningum samfélagsins. Einstaklingur fæðist inn í ákveðnar aðstæður sem munu eiga stóran þátt í að skapa hver hann er og verður. Í bernsku hafa foreldrar mikil áhrif á líf barnsins en með hækkandi aldri fer jafningjahópurinn að skipta meira máli. Áður en að þessu kemur er mikilvæg forvörn að foreldrar eigi gott samband við börn sín og þrír þættir vega þyngst í þessu sambandi; í fyrsta lagi sá tilfinningalegi stuðningur sem foreldrar veita börnum sínum, í öðru lagi eftirlit foreldra og í þriðja lagi magn þess tíma sem foreldrar og börn verja saman¹⁴. Þannig hafa rannsóknir sýnt að börn sem eru alla jafna undir *eftirliti* foreldra sinna, fá mikinn *stuðning* frá þeim og verja miklum tíma með þeim eru ólíklegri en önnur börn til að eignast vini sem hafa neikvæð áhrif í lífi þeirra. Þau eru einnig líklegri en önnur börn til að standast hópþrýsting frá jafnöldum en þeir sem hafa veikari tengsl við foreldra sína¹⁵.

Foreldrar eru börnum mikilvægar og sterkar fyrirmyndir¹⁶ og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra¹⁷. Rannsóknir hafa einnig sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hafa jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna¹⁸. Þar að auki eru börn og unglingar sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína, og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að líða vel í skóla¹⁹ og eignast vini sem gengur og líður vel í skóla.²⁰ Loks sýna rannsóknir að börn sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína eru síður líklegri en önnur börn til að eiga við margvísleg sálræn og félagsleg vandamál að stríða.²¹ Hlutverk foreldra og forráðamanna í því að veita börnum sínum mikilvægt félagslegt taumhald nær því út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og barna.

14) Coleman, 1988; Warr, 1993

15) Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998

16) Bandura, 1977.

17) O'Byrne o.fl. 2002.


18) Coleman, 1988; Sheldon og Epstein 2005.

19) Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

20) Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.


21) Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson, 1992; Sigfusdóttir o.fl. 2004; Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfusdóttir og Jón Sigfússon, 2006.

Á mynd 32 má sjá að meirihluti nemenda í 5., 6. og 7. bekk segist *oft* fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám. Þannig segjast á bilinu 46 – 53% nemenda *oft* fá slíka aðstoð frá foreldrum sínum, þar sem hlutfallið er lægst meðal fimmtubekkinga en hæst meðal nemenda í 6. bekk. Niðurstöður sýna einnig að ákveðinn munur kemur fram milli stráka og stelpna, þar sem strákar segja frekar en stelpur að þeir fái *aldrei*, *næstum aldrei eða sjaldan* hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum. Þannig segja 13–16% stráka að þeir fái *næstum aldrei eða sjaldan* hjálp við heimanám borið saman við um 9–10% stelpna.




Mynd 32. Hversu oft færð þú hjálp frá pabba þínum, mömmu eða systkinum með heimanámið þitt? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk árið 2015.

Yfirgnæfandi meirihluti nemenda segir að þeir séu stundum eða oft með foreldrum sínum eftir skóla (mynd 33), en slíkt á við um 79% nemenda í 5. bekk, 81% í 6. og 7. bekk. Hér sýna niðurstöður að stelpur eru líklegri en strákar til að svara því til að þær séu stundum eða oft með foreldrum sínum eftir skóla. Niðurstöður sýna því að um 21–24% stráka í 5., 6. og 7. bekk segjast vera *sjaldan*, *næstum aldrei* eða *aldrei* með foreldrum sínum eftir skóla borið saman við um 17–19% stelpna.




Mynd 33. Hversu oft ert þú með foreldrum þínum eftir skóla? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

Langflestir nemenda segja jafnframt að þeir séu *stundum* eða *oft* með foreldrum um helgar. Á mynd 34 kemur fram að á bilinu 95 - 96% allra nemenda segja vera *stundum* eða *oft* með foreldrum sínum um helgar og er nær enginn munur þarna á milli bekkjardeilda.




Mynd 34. Hversu oft ert þú með foreldrum þínum um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

Að sama skapi telja nær allir nemendur í 5., 6. og 7. bekk að þeir eigi *mjög* eða *frekar auðvelt* með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum (mynd 35). Strákar eru þó litlu líklegri en stelpur til að segja að slíkt sé *mjög* eða *frekar erfitt*. Þannig segja um 5% stráka í 5. bekk og 3-4% stráka í 6. og 7. bekk að það sé *mjög* eða *frekar erfitt* fyrir þá að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum á meðan hlutfallið er 2-3% meðal stelpna í þessum bekkjardeildum.




Mynd 35. Hversu auðvelt eða erfitt væri þig að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum þínum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

Ef lítið er til þess hversu algengt það er að nemendur séu einir heima eftir skóla má sjá (mynd 36) að á bilinu 48–52% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segja slíkt eiga *stundum* eða *oft* við um þá. Lítil sem enginn munur er á milli árganga. Að sama skapi kemur ekki fram mikill munur á milli stráka og stelpna en þó má sjá að strákar virðast frekar vera *stundum* eða *oft* einir heima að loknum skóla.




Mynd 36. Hversu oft ert þú ein(n) heima eftir skóla (ekki með fjölskyldu)? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

Það er ánægjulegt að sjá að mikill meirihluti nemenda segir að sér líði *frekar* eða *mjög vel* heima (mynd 37). Þannig segjast um 97 – 98% nemenda í 5., 6. og 7. bekk að þeim líði *frekar* eða *mjög vel* heima. Eins og myndin sýnir þá kemur nær enginn munur fram á svörum nemenda við þessari spurningu eftir kyni eða bekkjardeild.



Mynd 37. Hvernig líður þér oftast heima? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.


Á mynd 38 má greina hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau segjast vera með foreldrum eftir skóla, *stundum eða oft*. Myndin sýnir þróun yfir tíma, árin, 2009, 2011, 2013 og 2015. Árið 2015 segja 82% stúlkna að þær séu *stundum eða oft* með foreldrum sínum eftir skóla á meðan hlutfall stráka er 78%. Strákar virðast síður verja tíma með foreldrum sínum eftir skóla þó litlu muni í því sambandi. Að sama skapi má sjá að umtalsverð hlutfallsleg aukning verður hér á milli mælinga, þar sem hlutfallið var 74% meðal stelpna og 72% meðal stráka árið 2013.



Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk eftir því hversu oft þau segjast vera með foreldrum eftir skóla, *stundum eða oft*, árin 2009–2015.


VINIR

Nemendur eru spurðir að því hversu marga vini eða vinkonur þeir eigi í skólanum. Þegar niðurstöður eru skoðaðar má sjá (mynd 39) að meirihluti þeirra segist eiga *marga* eða *mjög marga* vini. Hlutfallið eykst jafnframt lítið eitt eftir því sem nemendur verða eldri. Þannig segja um 68% fimmtubekkinga að þeir eigi *marga eða mjög marga* vini á meðan 70% nemenda í 6. bekk svarar því til og 71% nemenda í 7. bekk. Athygli vekur að hér kemur fram lítill munur á milli stráka og stelpna. Hér er þó mikilvægt að taka fram að á bilinu 7–10% nemenda í 5., 6. og 7. bekk segja að þeir *eigi fáa* eða *enga* vini.




Mynd 39. Hversu marga vini eða vinkonur áttu í skólanum? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

Þegar skoðað er hversu oft nemendur eru með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar má sjá (mynd 40) að á bilinu 80 – 81% allra nemenda segist vera *stundum* eða *oft* með vinum sínum á þeim tíma. Lítill munur kemur fram milli stráka og stelpna í þessu sambandi. Þá svara um 19–20% nemenda í 5., 6. og 7. bekk að þeir séu *sjaldan*, *næstum aldrei* eða *aldrei* með vinum sínum eftir skóla eða um helgar.




Mynd 40. Hversu oft ert þú með vinum eða vinkonum þínum eftir skóla eða um helgar? Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk. árið 2015.

Yfirgnæfandi meirihluti allra nemenda í 5., 6. og 7. bekk eru þeirrar skoðunar að foreldrar þeirra þekki vini og / eða vinkonur þeirra (mynd 41). Þannig segja 97% stelpna og 95% stráka í 5. bekk að það eigi *mjög* eða *frekar vel* við um þau að foreldrar þeirra þekki vini / vinkonur þeirra. Um 97% stelpna og 95% stráka í 6. bekk segja slíkt eiga við um þau og 96% stelpna og 93% stráka í 7. bekk svara því til.



Mynd 41. Foreldrar mínir þekkja vini/vinkonur mína(r). Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk. árið 2015.

Að sama skapi segir yfirgnæfandi meirihluti nemenda að foreldrar þeirra þekki foreldra vina og vinkvenna sinna (mynd 42). Þó segja um 11% nemenda í 5. bekk, 13% í 6. bekk og 16% nemenda í 7. bekk að það eigi *mjög* eða *frekar illa* við um þau að foreldrar þeirra þekki foreldra vina eða vinkvenna sinna. Í þessu sambandi má greina ákveðinn mun á svörum stráka og stelpna þar sem strákar eru hlutfallslega líklegri til að segja það eiga *mjög* eða *frekar illa* við um þá að foreldrar þeirra þekki foreldra vina eða vinkvenna sinna.



Mynd 42. Foreldrar mínir þekkjá foreldra vina/vinkvenna minna. Hlutfall stráka og stelpna í 5., 6. og 7. bekk, árið 2015.

STRÍÐNI

